

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1069

Dagsetning: 13. maí 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Anna Sigríður Vernharðsdóttir (ASV), Helgi Þorsteinsson (HÞ), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKÞ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: A. Þór Þórsson mannauðsráðgjafi sat fundinn undir lið 2.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Afgreiðslu fundargerðar framkvæmdastjórnar HH frá 6. maí 2025 var frestað.

2. Ársfundur HH

A. Þór Þórsson mannauðsráðgjafi kom á fundinn til að ræða dagskrá ársfundar HH 22. maí næstkomandi. Alma Möller heilbrigðisráðherra hefur látið vita að hún komist ekki á fundinn þar sem hún verður erlendis. Ákveðið var að heyra í ritara ráðherra og athuga hvort staðgengill muni ávarpa fundinn.

3. Sameining sjúkraskráa

Upplýst var um fyrirhugaða sameiningu sjúkraskráa. Byrjað verður á því að sameina gagnagrunna Sögu-kerfisins hjá HH og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

4. Verktaka lækna

Rætt var um verkefni lækna í verktöku. Hætt verður að bjóða upp á verktakasamninga við lækna sem starfa á heilsugæslustöðvum, en áfram verða gerðir verktakasamningar við lækna sem ekki starfa á stöðvum, til dæmis lækna sem starfa í fjarvinnu og sinna afmörkuðum verkefnum. Kanna þarf hvaða verktakar þurfa að vera með eigin tryggingu. Einnig þarf að tryggja að allir samningar um verktöku fari í gegnum forstjóra HH.

5. Farsæld barna

Rætt var um stöðu verkefnastjóra farsældar barna hjá Þróunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu. Ráðið var í starfið tímabundið til eins árs og ekki fyrirhugað að framlengja ráðninguna, sem er að renna út.

6. Heimsóknir forstjóra á starfsstöðvar

Umræður um heimsóknir forstjóra á starfsstöðvar HH.

7. Áhrif kjarasamnings lækna á sérnámslækna

Umræður um óánægju sérnámslækna vegna nýs kjarasamnings lækna. Fundað hefur verið með stýrihópi vegna kjarasamninganna en unnið verður áfram í málinu hjá Læknafélagi Íslands og innan HH.

Aðgerðir og verkefni

- Kanna þarf hvort staðgengill heilbrigðisráðherra muni ávarpa, sjá lið 2.
Ábyrgð: BJ
- Kanna þarf hvaða læknar sem starfa í verktöku þurfa að vera með eigin tryggingu, sjá lið 4.
Ábyrgð: HÞ
- Ræða þarf við sérnámslækna um kjarasamning lækna, sjá lið 7.
Ábyrgð: NSK

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 9:45